

Kennslufræði greinasviða og æfingarkennsla.

Ester Þorsteinsdóttir

Ég sem kennari

Efnisyfirlit

<i>Greinin sem ég kenni</i>	<i>3</i>
<i>Viðhorf mín til náms og til nemenda.....</i>	<i>5</i>
<i>Kennsla og kennsluhættir</i>	<i>6</i>
<i>Námsmat</i>	<i>7</i>

Greinin sem ég kenni

Hver er afstaða mín til greinarinnar sem ég kenni?

Þegar ég byrjaði í námi mínu, prentsmíð, sem þekkest víst betur í dag undir nafninu grafísk miðlun, þurfti ég ætíð að útskýra betur greinina. Það vill stundum verða þannig að prentsmiður og grafískur hönnuður sé sambærilegt fag. Í raun er mikill munur og oft hefur verið smá stríð á milli okkara. Ég var ekki ánægð með að sjá endalausar atvinnuauglýsingar í blöðunum þar sem að óskað var eftir „grafískum hönnuði“ sem gæti gert þetta og þetta og hitt og hitt en það var nákvæmlega það sem að ég kunni en þeir vildu engan „prentsmið“ heldur „grafískan hönnuð“. Ég held að það séu líka fleiri sem titla sig því fagnafni bara vegna góðra kunnáttu í Photoshop. Mér fannst þetta ekki vera nógu gott og sem betur fer er þetta allt að breytast. Auglýsingastofur eru farnar að sjá og finna að þeir verða að vera með prentsmiði í vinnu hjá sér því grafíski hönnuðurinn er of upptekin við „að hanna funky útlit“ sem prentsmiðurinn þarf svo að koma í rétt form svo hægt sé að prenta gripinn sem hönnuðurinn skapaði. Einnig fannst mér líka mjög gaman að segja að ég væri setjari þegar gamla fólkið var að velta því fyrir sér hvað prentsmiður væri. Og setjarar voru nokk merkilegir hér í gamla daga, og eru enn. Þeir hafa bara fengið nýtt nafn.

Fjórum árum eftir að ég kláraði almennt skrifstofunám í Viðskipta og tölvuskólanum langaði mig aftur í nám. Ég vann þá sem móttökumær og hafði umsjón með öllum auglýsingum sem gerðar voru í fyrirtækinu. Ég kynntist umbrotsforriti og fann út hvaða nám það væri í boði tengt því. Iðnskólinn í Reykjavík stóð fyrir námi í prentsmíð og ég fór og kynnti mér það. Reyndar var ég dálítið smeyk við stærðfræðianfangana sem ég þurfti að taka en mér hafði gengið mjög illa í henni. Því ákvað ég að reyna enn og aftur við stærðfræði 102 hjá Námsflokkunum og ef ég myndi ná honum væru allir vegir færir. Áhuginn var mikill við að læra þetta fag og ég var mjög spennt.

Er það mikilvægt sem kennslugrein?

Einsog staðan er í dag þá tel ég líklegast vera. Endalaust erum við að fá inn um lúguna okkar gríðarlegt magn af „ruslpósti“ og auglýsingabréfum. Þeir sem standa á bak við pappírflóðið eru auglýsendurnir og þeir kaupa þessa þjónustu hjá auglýsingastofum sem klára dæmið hjá prentsmiðjunum. Og þar eru prentarar og prentsmiðir sem klára málið.

Ef þeir væru ekki til staðar væri sjálfsagt minna af „ruslpóstinum“ eða hann væri ekki eins áberandi hvað varðar gæði og útlit.

Hvers vegna?

Á bak við Morgunblaðsins og Fréttablaðsins eru duglegir og klárir prentsmiðir. Fólk gengur ekki í þessi störf nema hafa menntunina og mér finnst það mjög gott að vita af því. Að helstu og elstu prentsmiðjur halda í fagmennina og réttindin. Auðvitað laumast inná milli duglegir starfsmenn sem „hafa þetta í sér“ og ef þeim líkar vel drífa þeir sig í að ná sér í réttindin.

Til hvers kenni ég þessa grein?

Faggrein mín er ætíð að breytast. Hún er tölvutengd og þróunin mjög ör. Í dag vinna að meðaltali þrír til fjórir í umbrotsdeildum prentsmiðja en fyrir um 10 árum síðar voru starfsmenn um tuttugu. Ég held að breytingar í faginu kalla á ferska kennara sem hafa mikin áhuga og eru duglegir að sækja endurmenntunarnámskeið. Þegar ég byrjaði í náminu var ég ekki alveg nógu sátt við þá sem kenndu, fannst þeir vera fastir í fortíðinni og kenna of lítið á nútímataekni. Mér finnst líka mjög gaman að koma því á framfæri minni færni og þekkingu til þeirra sem vilja læra faggreinina.

Að hverju stefni ég?

Að verða metnaðarfullur, góður og krefjandi kennari. Að geta miðlað minni reynslu og þekkingu til þeirra sem hafa áhuga á að læra. Mig langar líka að geta kveikt á þeim sem eru í náminu en þó ekki viss hvort það sé sú rétta grein sem nemandi hefur valið sér, vera góður leiðbeinandi.

Hvað segir námskráin um greinina?

Hún hefur breyst frá því að ég var í náminu til hins betra en ekki samt til 100% góðs að mínu mati. Meðalnámstími eru 3 ár og þá er talið með grunnnámið. Svo eru 48 vikna starfsþjálfun sem er tekin í lokin.

Mér finnst að starfsþjálfunin eigi að koma inní mitt nám, einsog það var. Mér líst nokkuð vel á að hafa grunnnám fyrir allar greinarnar, prentsmíð, bókband, prentun, vefsmíð, ljósmyndun og fleiri fög eru í boði að loknu grunnnámi. En ég hef ekki kennt við

Iðnskólann, ekki kennt við þessa nýju námskrá svo það verður að reyna á það áður en ég verð algjörlega sammála henni.

Viðhorf mín til náms og til nemenda

Hver eru viðhorf mín til nemenda?

Mér dettur strax jákvæðni í hug. Mér finnst það skipta máli, að vera opin og glaðleg og tilbúin til að aðstoða þá. Ég tel að viðhorfin séu breytileg eftir skólastigum. Á grunnskólastiginu eru nemendur í skyldunámi, ekkert val til að sleppa. Ég hef ekki kennt á framhaldsskólastigi þó ég stefni á það en er að kenna 7. bekk núna. Ef ég lít yfir bekkinn minn og nemendur mína þá eru viðhorf mín misjöfn. Ég er með mjög duglega og jákvæða og ég nýt mín að gefa þeim jákvæða styrkingu. Svo er ég líka með þá sem „nenna“ þessu ekki og ég hef reynt margt til að breyta þeirra viðhorfi og er búin að ná til flestra.

En ef mikil neikvæðni er í andrúmsloftinu inní skólastofu minni þá verð ég neikvæð og viðhorf mitt breytist til þeirra allra. Það finnst mér slæmt og reyna frekar að koma með eitthvað t.d. innlögn og þá skemmtilega. Ég er kröfuhörð og vil að nemendur skilji mig, skilji það sem ég kenni þeim og ef ekki þá leiti til mín. Ég ætlast til að þau beri virðingu fyrir mér sem kennarinn þeirra og að þau séu metnaðarfull og hafi vilja til að læra og öðlast þekkingu í því fagi sem þau eru að taka sér fyrir hendur.

Hvernig augum lít ég þá?

Jákvætt auglit er styrking og ég lít aldrei á nemendur mína með fyrirlitningu einsog ég hef séð. Það tel ég vera slæmt því ég er fyrirmynd þeirra og vil alls ekki að þau líti á einhvern öðruvísi en með virðingu og jákvæðni.

Hvernig hugsa ég um fólk sem námsmenn?

Við erum öll svo ólík og námsmenn auðvitað líka. Það eru til þeir sem nenna og vilja og hafa mikin metnað en svo aðrir sem eru í skóla vegna skyldu eða þrýsting að heiman. Ég hef ætíð litið upp til fólks sem er duglegt og með mikin metnað til að læra. Fólk sem ákveður að fara í nám eftir langan tíma eru hetjur í mínum augum. Ég stefni að því að kenna við Iðnskólann og því mun ég ekki einungis kenna ungu fólki heldur líka hetjunum sem hafa ákveðið að fara aftur í nám.

Þegar ég fer að kenna í framhaldsskóla mun ég styðja nemendur og einnig vísa þeim á annað svið ef þau eru kannski ekki á réttum stað. T.d. krefst mikilla tölvukunnáttu í mínu fagi og ef nemandi er ekki góður á því sviði og ekki áhugasamur en samt með teikningu og myndlist myndi ég vísa honum í annað listnám.

Að læra eitthvað vel kallar á þekkingu og þann metnað að finna allt sem tengist faginu. Sækja námskeið og lesa sig til.

Ef manni langar að læra sitt fag vel eða það sem maður tekur sér fyrir hendur gengur það betur ef maður er jákvæður og fullur af sjálfstrausti. Og svo auðvitað öfugt, maður fyllist af jákvæðni og sjálfstrausti ef manni gengur vel að læra og skilja hlutina.

Þegar kemur á vinnumarkað og maður skilar af sér verki sem maður hefur unnið eða gengur vel að kenna nemendum sínum þá líður manni vel og gefur manni svo mikið til baka.

Kennsla og kennsluhættir

Í dag ganga flestir grunnskólar landsins undir orðunum, Skóli fyrir alla, einstaklingsmiðað nám. Í dag þarf kennarinn að vera vel upplýstur um alla þá sem eru öðruvísi ef það mætti orðað það þannig. Kennarinn þarf að vita hvað er á bak við t.d. ofvirkni, eða ofvirkni með athyglisbrest?, hvað gerir maður fyrir nemanda sem er einhverfur eða með lesblindu. Hér væri hægt að halda áfram að telja. Og svo má ekki gleyma einstaklingsmiðuðu námi. Það kallar á gott skipulag.

Hvað er góð kennsla í mínum huga?

Fyrir utan það sem ég skrifaði hér að ofan hlýtur góð þekking á því sem maður kennir að skipta sköpum. Það fær engin nemandi góða kennslu í íslensku ef kennarinn talar og skrifar móðurmálið vitlaust. Eða stærðfræði? Ég kenni 7.bekk og tók það skýrt fram þegar ég ákvað að taka þetta stóra starf að mér, að stærðfræði myndi ég ekki kenna. Einfaldlega vegna þess að ég er ekki góð í henni. Og ég fann það þegar ég hljóp í forfallakennslu í því fagi hjá mínum bekk að þarna var ég ekki í mínu sterka fagi. Og ég var ekkert að fela það fyrir nemendunum mínum. Þvert á móti. Ég brosti bara sætt og bað nemandann að útskýra aðeins fyrir mér regluna og reyndi svo að klóra mér áfram með aðstoð hans. Eftir tímann

lét ég minn yfirmann vita að betra væri ef einhver annar hlypi í skarðið fyrir stærðfræðikennarann heldur en ég.

Góð kennsla er kennari sem hefur áhuga á starfi sínu, fagi sínu og öllum þeim nemendum sem eru í tímum hjá honum. Að hann gefi sig fram við þau öll.

Hvað merkir fyrir mér að kenna vel?

Að bera virðingu fyrir sjálfum sér er eina leiðin til að aðrir beri virðingu fyrir þér. Að miðla efni og koma því frá sér á sem eftirtektarverðastan hátt. Ég kenni vel að mínu mati, ef ég hef undirbúið kennslustundina vel fyrirfram. Mér finnst gaman að brosa og hlæja með kennslunni, á það til að gleyma mér í leikrænni tjáningunni en ég sé að þeim finnst það gaman og ég brýt oft ísinn með einhverju broslegu eftir að hafa sagt eitthvað þungt, erfitt eða leiðinlegt í þeirra eyrum. Ég passa mig líka á að loka munnum og leyfa þeim að tjá sig. Oft finnst mér að ef ég er að kenna þeim reglu og einhver nemandinn spyr þá taka hinir meira eftir.

Hvað merkir fyrir mér að kenna mína grein vel?

Ef ég ber virðingu fyrir faggrein minni og sjálfri mér sem kennari þá skila ég góðri kennslu. Það er afar mikilvægt að vekja áhuga nemenda á efninu sem fyrst og er það í raun grundvöllur kennslunnar og eitt mikilvægasta atriðið.

Um þessar mundir er mikið talað um gerð einstaklingsáætlana og einstaklingsmiðað nám.

Hvaða viðmið eigum við að styðjast við? Hvaða gildismat verður lagt til grundvallar?

Nauðsynlegt er að skólasamfélagið greini á milli námsmats og náms-sem-árangurs.

Sá árangur sem leiðir af einstökum námsþætti er upphafsástand nemenda fyrir þann næsta.

Námsmat

Til hvers er námsmat?

Mat á námi er jafnan huglægt að ákveðnu marki og því eðlilegt að það sé metið frá fleiru en einu sjónarhorni. Þá verður bæði sjálfsmat og jafningjamat mikilvægt ásamt mati kennara. Á sama hátt og mikilvægt er að námsumhverfið sé fjölþætt og endurspegli mörg sjónarhorn þá gildir það sama um mat á náminu.

Í grunnskólum landsins eru sett fyrir samræmdpróf. Ég verð að segja að þegar ég byrjaði að kenna 7.bekk núna í haust hugsaði ég mikið um þau próf. Hvað á ég að gera til að þeim gangi sem best í þeim? Hvernig á ég að kenna þeim það? Á endanum hætti ég að hugsa svona mikið um þau og var í raun ekkert að tala mikið um þau við nemendurna. Hvers vegna? Einfaldlega vegna þess að í dag er einstaklingsmiðað nám, skóli fyrir alla. Í mínum bekk var ég með 18 nemendur. Bráðger börn, börn með lesblindu, tvo með ofvirkni og athyglisbrest og svo þá sem má setja á milli. Ég sá það fljótt að þeir sem standa sig í námi munu ganga ágætlega á þessum prófum. Þeir sem hafa engan áhuga fyrir skyldunáminu og eru í skólanum vegna skyldusemi munu þurfa að þræta prófin hvort sem þeim líkar betur eða verr og er nokk sama um árangur sinn. Svo eru það þau sem að fá einhverja undanþágu t.d. bleik blöð, lengri tíma og/eða hljóðútgáfu. Ég sá að ég myndi ekki geta gert mikið til að koma þeim í skilning um það hvað þessi próf þýða fyrir þau og í raun get ekkert sagt um það. Mér finnst bara stórmerkilegt hvernig hægt er að bjóða uppá einstaklingsmiðað nám og skóla fyrir alla en svo á að prófa þau öll í sama prófinu. Hvar er einstaklingsmiðaða prófið?

En námsmat byggist á mismunandi viðfangsefnum sem reyna á að nemendur beiti þekkingu sinni, skilningi, innsæi, hugmyndaflugi og leikni og áhersla er lögð á þátttöku nemenda í matinu. Stöðug endurgjöf með niðurstöðum námsmats veitir bæði nemendum og kennurum upplýsingar um námsárangurinn.

Hvernig vil ég haga námsmati þegar ég kenni mína grein?

Gátlista vil ég nota til að mæla kunnáttu nemandans við vissa þætti verksins, þ.e. athuga hvort nemandinn hefur tileinkað sér þá þekkingu sem þarf til að skila góðu verki (Ingvar Sigurgeirsson 1999, *Að mörgu er að hyggja*, bls. 87).

Óformlegt mat vil ég einnig nota. Það fer þannig fram að kennarinn fylgist með vinnu nemandans allan tíman meðan hann vinnur verkefnið og punktar hjá sér hvernig verkinu miðar, hvernig vinnubrögðin eru og þarna kemur einnig í ljós hvort nemandinn á gott með að fylgja fyrirmælum sem er eitt af færnimarkmiðunum.

Einnig er hér um að ræða leiðsagnarmat. Markmið kennarans er fyrst og fremst að aðstoða nemandann við að auka færni sína og kunnáttu á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og búa hann undir lífsbaráttuna, sbr.: „Leiðsögn eða hvatning frá kennara kemur nemendum hins

vegar að mun meira haldi við námið en umsögn eða einkunn“ (Rowntree, D. 1983, bls. 173-175), (Linn, R.L. og Gronlund, N.E. 1998, bls. 31).

Hvað vil ég leggja áherslu á?

Ég vil að nemendur mínir sýni virðingu fyrir faggreininni, samnemendum og kennurum sínum. Að þeir sinni námi sínu og vinni verkefni sín vel.

Meginmarkmið náms í grafískri miðlun er að nemendur hafi skilning, þekkingu og færni til að sinna störfum við móttöku á fjölmiðlaefni, texta og myndefni og frágangi á því til prentunar eða birtingar.

Kostir og gallar við það að hafa mismunandi námsmöt í gangi eru aðallega þeir að nemendur fái tækifæri til að koma sínu fram. Nemandi getur verið mjög klár í sköpun og uppsetningum, er glöggur að sjá útlit og stendur sig því vel á því sviði og er mjög sjálfstæður í vinnubrögðum og kemur vel út í verkefnum eða verkefninu sjálfu en getur átt erfit með að fara eftir fyrirmælum, ekki mikið lagt í skissuteikningar, á erfitt með lestur, t.d. lesblindu og stendur því ekki vel á skriflegum prófum í faginu. Svo á móti er það hinn nemandinn sem er þveröfugt við fyrrum lýsingu. En ég sem kennari get séð að báðir eiga eftir að standa sig vel í greininni þegar komið er útá vinnumarkaðinn. Með mismunandi matsaðferðir gefa mér líka tækifæri til að sjá einfaldlega hvort nemandi sé á réttri braut almennt. Það er krafist tölvukunnáttu í faginu og því gæti leynst tölvunarfræðingur á svæðinu sem hefur valdið á forritum en enga sköpunargáfu og þá sem kennari, myndi ég jafnvel vísa honum á aðra braut t.d. í tölvunarfræðum.

Heimildarskrá:

Ingvar Sigurgeirsson, 1999. *Að mörgu er að hyggja*. Reykjavík. Æskan ehf.

Linn, R.L. og Gronlund, N.E. 1998. *Mælingar og mat í skólastarfi*. Reykjavík.
Bóksala kennaranema, KHÍ.

Rowntree, D. 1983. *Matsatriði. Námsmat og áhrif þess*. Reykjavík. Námsgagnastofnun.